

Skýrsla stjórnar hjúkrunarráðs starfsárið 2010 – 2011

Stjórn hjúkrunarráðs Landspítala 2010-2011 var skipað eftirfarandi hjúkrunarfræðingum og ljósmæðrum:

Eygló Ingadóttir	Formaður	
Þórgunnur Hjaltadóttir	Varaformaður	
Dröfn Ágústsdóttir	Ritari	
Aðalmenn	Varamenn	Svið
Björk Inga Arnórsdóttir	Díana Dröfn Heiðarsdóttir	Skurðlækningasvið
Valgerður Grímsdóttir	Arna Sigríður Brynjólfsdóttir	Skurðlækningasvið
Elísabet Halldóra Árnadóttir	Rannveig Jóna Jónasdóttir	Skurðlækningasvið
Júlía Linda Ómarsdóttir	Elva Rut Helgadóttir	Kvenna- og barnasvið
Auður Ragnarsdóttir	María Guðnadóttir	Kvenna- og barnasvið
Guðmundur Sævar Sævarsson	Eva Finnbogadóttir	Geðsvið
Kristín Halla Marinósdóttir	Magna Björk Ólafsdóttir	Bráðasvið
Hlíf Guðmundsdóttir	Steinunn Birna Aðalsteinsdóttir	Lyflækningasvið
Sigríður Guðmundsdóttir	Áslaug Sigurjónsdóttir	Lyflækningasvið
Ingibjörg Fjölvisdóttir	Halldóra Hálfðánardóttir	Lyflækningasvið
Hildur Magnúsdóttir	Linda Björnsdóttir	Utan klínískra sviða



Hluti stjórnar hjúkrunarráðs 2010 til 2011

Fundir stjórnar hjúkrunnarráðs

17 fundir voru haldnir á starfsárinu, en að jafnaði fundar stjórnin hálfsmánaðarlega yfir vetrartímann. Einnig hittist framkvæmdastjórn hjúkrunnarráðs (formaður, varaformaður og ritari) reglulega milli funda stjórnar hjúkrunnarráðs.

Fundir með framkvæmdastjóra hjúkrunar og forstjóra

Formaður hjúkrunnarráðs sat reglulega fundi með framkvæmdastjóra hjúkrunar og eru þeir fundir nauðsynlegir til upplýsinga- og skoðanaskipta. Sumt af því efni sem þar var rætt rataði á fundi hjúkrunnarráðs. Einnig hefur framkvæmdastjórn hjúkrunnarráðs setið nokkra fundi með forstjóra ásamt framkvæmdastjórn læknaráðs.

Stefnuráð hjúkrunar

Formaður hjúkrunnarráðs situr í stefnuráði hjúkrunar en þar eru fundir að jafnaði haldnir hálfsmánaðarlega. Stefnuráðið var stofnað af hjúkrunardeildarstjórum og framkvæmdastjóra hjúkrunar í maí 2009 og er ætlað að vera samráðsvettvangur fyrir málefni hjúkrunar og framkvæmdastjóra hjúkrunar til stuðnings og ráðgjafar í faglegum ákvarðanatökum.

Nefndir hjúkrunnarráðs

Fræðslunefnd

Fræðslunefnd hjúkrunnarráðs hefur það hlutverk að skipuleggja reglulega fræðslufundi hjúkrunnarráðs og hina árlegu viku hjúkrunar sem haldin er að vori. Starfsárið 2010-2011 sátu í fræðslunefndinni sem aðal- og varamenn Margrét Sigmundsdóttir, Ingibjörg Guðmundsdóttir, Fríða Björk Skúladóttir, Jórunn Edda Hafsteinsdóttir, Kristín Sif Árnadóttir, Júlía Björnsdóttir, Elínros Erlingsdóttir, Elísabet Halldórsdóttir, Jónína Hallsdóttir og Anna Dagbjört Gunnarsdóttir.

Starfsárið 2011 voru haldnir 11 fræðslufundir á vegum fræðslunefndar hjúkrunnarráðs, þar sem haldin voru 14 erindi. Fundirnir eru haldnir í Hringsal og sendir með farfundabúnaði í Fossvog og stundum á Landakot. Einnig eru fundirnir aðgengilegir í gegnum vefvarp Landspítalans. Dagskrá fundanna er hægt að sjá í viðhengi. Að meðaltali mættu 27 hlustendur á hvern fyrirlestur.

Vika hjúkrunar var haldin vikuna 9. -13. maí sl. Að þessu sinni var hún með nokkru öðru sniði en undanfarin ár, yfirskriftin var „*Vika hjúkrunar, nýjungar og nauðsynjar í hjúkrun*“ en markmiðið var að sýna hversu öflugt faglegt starf hjúkrunarfræðingar vinna innan veggja LSH.

Fyrstu þrjá dagana í vikunni voru haldnir tveir örfyrirlestrar í hádeginu og voru þeir að öllu jöfnu vel sóttir. Á fimmtudeginum voru svo haldnar *Hjúkrunarbúðir* í K-byggingu. Þar voru hjúkrunarfræðingar héðan og þaðan að kynna „*nýjungar og nauðsynjar í hjúkrun*“. Við fengum til liðs við okkur fjöldann allan af hjúkrunarfræðingum til að mæta og kynna sitt faglega starf og voru um 25 borð/básar á svæðinu. Fyrir utan að vera opið fyrir alla starfsmenn LSH þá sendum við boð á kennara hjúkrunarfræðideilda háskólanna, á heilsugæslustöðvar, hjúkrunarheimili og fleiri staði. Má með sanni segja að dagurinn hafi farið fram úr björtustu vonum. Þarna voru saman komin nokkur hundruð manns til að ganga á milli og kynna sér faglegt starf innan LSH.

Á föstudeginum sem var lokadagurinn var aðstoðarmaður velferðarráðherra, Anna Sigrún Baldursdóttir, með lokafyrirlesturinn og fjallaði hún um hlutverk hjúkrunar á leið úr kreppu.

Í vikunni var líka hin árlega veggspjaldasýning bæði í Fossvogi og á Hringbraut. Í ár voru 43 veggspjöld til sýnis.

Stöðunefnd

Stöðunefnd tekur til umfjöllunar starfsumsóknir um stöður hjúkrunardeildarstjóra, yfirljósmóður og sérfræðinga í hjúkrun samkvæmt beiðni framkvæmdarstjóra hjúkrunar-/framkvæmdastjóra- sviða hverju sinni. Mat stöðunefndar byggist eingöngu á innsendum gögnum. Stöðunefnd leitar ekki eftir viðbótarupplýsingum, heldur er það alfarið á ábyrgð umsækjenda að senda inn þau gögn sem nauðsynleg eru.

Í stöðunefnd sitja þrír aðalmenn, en það eru :

- Guðbjörg Guðmundsdóttir
- Hildur Einarsdóttir
- Kristín Lára Ólafsdóttir

Tveir varamenn eru í nefndinni, en það eru :

- Guðlaug Bergþóra Karlsdóttir
- Hlíf Guðmundsdóttir

Á starfsárinu 2010 – 2011 fékk stöðunefnd til umfjöllunar umsóknir um fimm hjúkrunardeildarstjórastöður og eina stöðu sérfræðings í hjúkrun. Þetta voru eftirtaldar stöður :

- Staða hjúkrunardeildarstjóra á hjartadeild 14 E/G – þrjár umsóknir bárust
- Staða hjúkrunardeildarstjóra á hjartagátt 10 D – tvær umsóknir bárust
- Staða hjúkrunardeildarstjóra á taugalækningadeild B2 – þrjár umsóknir bárust
- Staða hjúkrunardeildarstjóra á meðgöngu- og sængurkvennadeildar – sex umsóknir bárust
- Staða hjúkrunardeildarstjóra á geðdeild 32 A – níu umsóknir bárust
- Staða sérfræðings í barnahjúkrun – tvær umsóknir bárust

Nefndin hefur ekki fasta fundi, en kemur saman eftir þörfum þegar henni berast beiðnir.

Kjörnefnd

Kjörnefnd annast undirbúning og framkvæmd kosninga í stjórn hjúkrunarráðs og nefndir ráðsins. Starfsárið 2010-2011 voru aðalmenn Anna María Malmberg, Ásta B. Pétursdóttir og Gerður Guðmundsdóttir. Varamenn voru Anna H. Guðmundsdóttir og Þóra Gerða Geirsdóttir. Haldnir voru tveir fundir á starfsárinu.

Nefndir á vegum Landspítala með fulltrúa tilnefnda af hjúkrunarráði

Hjúkrunarráð tekur þátt í þróunarvinnu innan Landspítala og tilnefnir fulltrúa í vísindaráð, siðfræðinefnd, siðanefnd Landspítala og aðrar nefndir og hópa sem fjalla um málefni hjúkrunar.

Nefnd	Aðalmaður	Varamaður
Vísindaráð Landspítala	Sigríður Gunnarsdóttir	Páll Biering
Siðfræðinefnd Landspítala	Linda Kristmundsdóttir	
Siðanefnd Landspítala	Elísabet Guðmundsdóttir	Eydís Kr. Sveinbjarnardóttir

Nefnd eða hópur	Fulltrúi hjúkrunarráðs
Stýrihópur við innleiðingu fjölskylduhjúkrunar	Hlíf Guðmundsdóttir
Stýrinefnd um skráningu hjúkrunar	María Guðnadóttir
Eftirlitsnefnd með rafrænni sjúkraskrá	Þorgerður Gunnarsdóttir
Stýrihópur um sjúklingaflokkunarkerfið RAFAELA	Þórgunnur Hjaltadóttir

Magni

Formaður hjúkrunarráðs situr í Magna en það er sjóður sem hefur það markmið að stuðla að uppbyggingu á aðstöðu til vísindastarfsemi. Tekjur sjóðsins eru aðallega hluti stjórnunar- og aðstöðugjalds sem Landspítali innheimtir í tengslum við vísindarannsóknir á spítalanum. Stjórn sjóðsins skipa framkvæmdastjóri VMN, formaður vísindasjóðs Landspítalans, formaður lækna ráðs og formaður hjúkrunarráðs. Sjóðurinn styrkir nú uppbyggingu klíníks rannsóknarseturs á Landspítalanum.

Umfjöllunarefni hjúkrunarráðs 2010 - 2011

Fjármál

Stjórn hjúkrunarráðs hefur talsvert fjallað um þann niðurskurð á fjárveitingum til Landspítala árin 2011 og 2012. Umræður hafa t.d. verið um mikilvægi þess að hafa skýra stefnu um mismunandi hlutverk sjúkrahúsa á Íslandi og hvaða þjónustu eigi að bjóða úti á landi og hvaða þjónustu eigi að bjóða á Landspítalanum. Einnig hefur verið talsverð umræða um forgangsörðun í heilbrigðiskerfinu og þann vanda sem skapast þegar flóknar og dýrar meðferðir eru framkvæmdar á sjúklingum sem eiga sér ekki lífsvon. Þann 23. ágúst sl. samþykkti stjórn hjúkrunarráðs ályktun þar sem varað var eindregið við frekari niðurskurði á fjárveitingum til Landspítalans (sjá fylgiskjal). Því miður hafði sú ályktun ekki mikil áhrif, en í fjárlagafrumvarpinu sem lagt var fram í byrjun október 2011 kom fram sparnaðarkrafa á Landspítalann upp á 630 milljónir eða 1,6% af heildarframlagi til spítalans. Síðastliðin ár hefur mikið verið hagrætt á spítalanum og því ekki af miklu að taka. Það er því ljóst að leggja verður niður einhverja þjónustu sem spítalinn veitir og að ennþá eru erfiðir tímar framundan.

Öryggi sjúklinga

Gæðavísar

Stjórn hjúkrunarráðs fékk dr. Elínu Hafsteinsdóttur frá gæðadeild Landspítalans til að koma og kynna gæðavísa um spítalasýkingar, bráðar endurinnlagnir, þrýstingssár, biðlista, atvikaskráningu, lyfjaatvik og fleira. Fundarmenn voru sammála um mikilvægi góðrar skráningar og að úrvinnsla úr atvikaskráningarkerfinu þyrfti að kynna reglulega.

Eftirlit með sjúkraskrá

Stjórn hjúkrunarráðs fékk Þorgerði Gunnarsdóttur hjúkrunarfræðing til þess að kynna starf eftirlitsnefndar með rafrænni sjúkraskrá. Nefndin gerir nokkrar úttektir á hverju ári og skoðar einnig sérstaklega skoðun á gögnum þjóðþekktra einstaklinga. Í kjölfar einnar úttektar á síðasta ári fengu sex starfsmenn Landspítalans áminningu. Það er mikilvægt að starfsfólk spítalans geri sér grein fyrir ábyrgð sinni og að það er fylgst með notkun þess á rafrænni sjúkraskrá og brugðist við ef hún er óeðlileg.

Sýkingavarnir

Stjórn hjúkrunarráðs fjallaði á nokkrum fundum um sýkingavarnir við spítalann og fékk Ásdísi Elfarsdóttur deildarstjóra sýkingavarna á fund. Það er ljóst að sýkingar eins og t.d. af völdum Nóróveirunnar er mikið heilsufars- og fjárhagslegt vandamál, en tugir starfsmanna hafa sýkst og á annað hundrað sjúklingar. Erfitt er að breyta venjum starfsfólks t.d. varðandi fatnað og skart. Nú er að verða algengara að starfsfólk sé í eigin fötum undir hvítum sloppi og er það slæm þróun. Á Grensásdeildinni var skorin upp herör gegn algengri þvagfærasýkingu af völdum ESBL-myndandi baktería. Átakið felst í því að fækka öllum mögulegum smitleiðum t.d. með því að allir starfsmenn eru nú í starfsmannafatnaði, enginn er með skart né annað slíkt. Átakið hefur verið mjög árangursríkt.

Ferli kvartana á Landspítala

Stjórn hjúkrunarráðs fékk Niels C. Nielssen aðstoðarframkvæmdastjóra lækninga til þess að kynna ferli kvartana sem berast Landspítala, en hann vinnur úr kvörtunum sem berast frá sjúklingum eða aðstandendum til yfirstjórnar spítalans. Að sögn Nielsar fer kvörtunum fjölgandi. Sumar berast beint til deildarstjóra eða yfirlæknis og eru leystar þar. Í kjölfar þessa fundar ákvað stjórn hjúkrunarráðs að senda bréf til forstjóra spítalans með athugasemdum og tillögum. Í því kemur fram m.a. fram að úrvinnsla kvartana sem berast spítalanum séu ekki nógu markviss og að þar skorti m.a. gagnsæi og verkferla og að bót á því geti mögulega komið í veg fyrir endurtekin mistök og aukið öryggi sjúklinga. Í bréfinu er hvatt til þess að mörkuð verði stefna varðandi úrvinnslu kvartana og að í slíkri stefnu þyrfti eftirfarandi að koma fram:

1. Aðgengi og meðferð kvartana
 - a. Að sjúklingum og aðstandendum verði gert auðvelt að koma kvörtun á framfæri, t.d. á heimasíðu spítalans og/eða með sérstöku kvörtunareyðublaði.
 - b. Að öllum kvörtunum sé svarað innan ákveðins tíma og fullvissað sé að málsmeðferð sé fagleg og hlutlaus.
 - c. Að sjúklingar og/eða aðstandendur séu fullvissaðir um að kvörtun þeirra hafi ekki áhrif á þá þjónustu sem þeir kunni að þarfnast á spítalanum í framtíðinni.
2. Skráning og úrvinnsla

- a. Að allar kvartanir sem koma frá sjúklingum og aðstandendum þeirra séu flokkaðar eftir alvarleika og skráðar í sérstakan gagnagrunn.
 - b. Að úrvinnsla kvartana sé skráð.
 - c. Að árlegt uppgjör kvartana birtist innan spítalans.
3. Ábyrgð og gagnsæi
- a. Að verkferlar séu birtir fyrir hvern kvörtunarflokk á heimasíðu spítalans.
 - b. Tryggt verði sjálfstæði þeirra sem vinna úr kvörtunum gagnvart stofnuninni.
 - c. Að skyldur, ábyrgð og völd þeirra sem rannsaki kvartanir séu skýrar og skriflegar.

Starfsaðstæður á Landspítala

Álag á Landspítala síðastliðið sumar

Stjórn hjúkrunnarráðs fjallaði um mikið álag sem á almennum deildum á Landspítalanum sl. sumar og fékk Stefaníu Arnardóttur deildarstjóra A7 til að segja frá reynslu þeirra. Sú umfjöllun leiddi til bókunar 6. september sem send var stjórnendum og birt á heimasíðu Landspítalans. Bókunina má sjá hér:

Meira álag var á almennum deildum Landspítalans í júlí og ágúst 2011 heldur en oft áður á sumarleyfistíma. Rúmanýting var víða yfir 100% og vinnuálag óásættanlegt. Ljóst er að erfitt er að eiga við þetta vandamál þar sem ekki fengust nægilega margir hjúkrunarfræðingar og hjúkrunarnemar til sumarafleysinga. Hjúkrunnarráð vill benda á nokkrar leiðir til úrbóta:

- Sumarlokanir heilbrigðisstofnana verði skipulagðar af heilbrigðisyfirvöldum, þannig að ekki dragi allir úr starfsemi á sama tíma.
- Hafa sérstök úrræði fyrir sjúklinga sem lokið hafa meðferð og geta ekki útskrifast heim.
- Öflugri heimaþjónusta. Erfitt reyndist að útskrifa sjúklinga sem t.d. þurftu lyfjagjafir í æð 2.-3. á sólarhring eða aðra þjónustu, þar sem heimahjúkrun hafði ekki bolmagn til að sinna því.
- Sjá til þess að sólahringsþjónusta hjúkrunarfræðinga sé til staðar á sjúkrahótelum LSH.
- Bæta vinnuferla varðandi útskriftir sjúklinga og samskipti við Sjúkratryggingar Íslands (SÍ). Ef sjúklingar þurfa sérstök hjálpartæki, lyf eða hjúkrunarvörur eftir að heim er komið, tekur allt of langan tíma að fá vilyrði frá SÍ. Stundum þurfa sjúklingar því að fá með sér af Landspítalanum hjúkrunarvörur og lyf til að mögulegt sé að útskrifa þá.
- Búa þannig að 3. árs hjúkrunarnemum varðandi kjör og aðbúnað að þeir ráði sig í sumarmálinu á Landspítalanum.
- Efla umræðu í samfélaginu um forgangsöðun í heilbrigðisþjónustunni.

Sameining deilda á sumrin

Stjórn hjúkrunnarráðs fékk Kolbrúnu Gísladóttur deildarstjóra á 12E til þess að segja frá góðri reynslu af sameiningu deilda sumarið 2010. Ljóst er að með vönduðum vinnubrögðum er hægt að gera slíka sameiningu faglega og ánægjulega. Stjórnin skrifaði bréf til klínískra framkvæmdastjóra í kjölfar þessarar umræðu, þar sem hvatt var til þess að sömu deildir séu ávallt sameinaðar yfir sumarmánuðina. Þannig telur ráðið að fagfólk öðlist reynslu við hjúkrun og meðferð nýs sjúklingahóps sem nýtist og að það kynnist fyrirkomulagi og menningu samstarfsdeildar. Einnig hvatti hjúkrunnarráð til þess að árangur sameininga sé kerfisbundið skoðaður til að meta veikleika og styrkleika við framkvæmd þeirra.

Starfsánægjukönnun Landspítalans

Hildur Magnúsdóttir fjallaði á fundi hjúkrunnarráðs um starfsánægjukönnun Landspítalans. Fundarmenn voru sammála um að styrkja þyrfti áfram jákvæða pósta og laga það sem ekki er í lagi.

Starfsaðstæður læknakandídata á Landspítala

Stjórn hjúkrunarráðs fékk Þórdísi Hrafnkelsdóttur yfirlækni á VMG til að fjalla um fyrirkomulag kandídataársins á Landspítalanum. Fundarmenn voru sammála um að starf kandídata í 4 vikur á hverri deild væri mjög stuttur tími og að lengri tími myndi vera jákvæður fyrir öryggi sjúklinga og ánægju kandídatanna sjálfra.

Orkublundur á næturvöktum

Stjórn hjúkrunarráðs tók upp umræður um orkublund á næturvöktum en í Danmörku, Bandaríkjunum, Kanada og Japan hefur slíkt verið stundað til þess að vinna gegn heilsuspillandi áhrifum næturvakta og bæta líðan og árvekni á vöktunum. Hjúkrunarráð var sammála um að leyfa ætti orkublund á Landspítala en að setja þyrfti skýrar reglur um fyrirkomulagið. Framkvæmdastjóra mannauðssviðs voru sendar tillögur um að skoða þetta mikilvæga mál og mun stjórnin fylgja því eftir.

Fagleg þróun

Sérfræðingar í hjúkrun

Stjórn hjúkrunarráðs barst erindi frá dr. Helgu Jónsdóttur formanni fagráðs lungnahjúkrunar varðandi þá ákvörðun framkvæmdastjóra lyflækningasviðs að auglýsa ekki stöðu klíníks sérfræðings í hjúkrun á deild A6, þrátt fyrir að hjúkrunardeildarstjóri telji þörfina augljóslega fyrir hendi og þá ákvörðun standast rekstrarlega. Hjúkrunarráð sendi bréf til Vilhelmínu Haraldsdóttur framkvæmdastjóra lyflækningasviðs þar sem áhyggjum var lýst yfir því að á stærsta sviði spítalans hafi sérfræðingsstöðum í hjúkrun ekki fjölgað síðan í ársbyrjun 2009. Erlendar og innlendar rannsóknir hafa endurtekið sýnt að ávinningur felst í því að hafa sérfræðinga í hjúkrun í starfi. Ávinningurinn felst m.a. í aukinni ánægju sjúklinga, styttri legutíma, færri endurinnlögnum á sjúkrahús og færri óæskilegum fylgikvillum meðferða. Auk þess hafa rannsóknir sýnt fram á minni dánartíðni sjúklinga og að störf sérfræðinga í hjúkrun geti haft í för með sér sparnað í heilbrigðiskerfinu.

Sí- og endurmenntunarmál hjúkrunarfræðinga

Stjórn hjúkrunarráðs fékk ábendingu um að mun erfiðara væri fyrir hjúkrunarfræðinga með framhaldsmenntun og/eða sérhæfða klíníska reynslu að sækja símenntun og ráðstefnur erlendis en áður. Ákveðið var að skoða sí- og endurmenntunarmál hjúkrunarfræðinga í heild sinni. Mjög erfitt reyndist að fá upplýsingar um námsferðir kostaðar af spítalanum milli stétta þar sem misjafnt er milli sviða hvernig slíkar ferðir eru skráðar og stendur það til bóta. Það er þó ljóst að dregið hefur úr ráðstefnu- og námsferðum hjá háskólamenntuðum stéttum og lögð er áhersla á að slíkar ferðir tengist virkni í rannsóknum og vísindastarfi. Það er einnig ljóst að talsvert framboð er á símenntun fyrir almenna hjúkrunarfræðinga innan Landspítalans. Stjórn hjúkrunarráðs mun áfram fylgjast með þróun þessara mála innan Landspítalans.

Gæðaviðmið hjúkrunar

Stjórn hjúkrunarráðs fjallaði um gæðaviðmið hjúkrunar, en nokkrir sérfræðingar í hjúkrun unnu þessi viðmið fyrir framkvæmdastjóra hjúkrunar. Markmið gæðaviðmiðanna er að allir hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar hafi sama skilning á hvað sé góð hjúkrun. Gæðaviðmiðin tengjast sjúklingaflokkunarkerfinu RAFAELA og ákjósanlegri hjúkrunarþyngd, en það er það álag sem hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar geta ráðið við án þess að það hafi áhrif á gæði hjúkrunar.

Þróun fagraða

Óskað var eftir umsögn stjórnar hjúkrunnarráðs um tillögur að þróun fagraða í hjúkrun. Álit ráðsins var m.a. að fagrað sem starfa þvert á svið þurfi að heyra beint undir framkvæmdastjóra hjúkrunar og að fagraðin komi að stefnumótun í hjúkrun á Landspítala í gegnum stefnuráð hjúkrunar. Einnig taldi hjúkrunnarráð að doktorsmenntaður hjúkrunarfræðingur í starfi á Landspítala geti leitt fagrað þó að hann sé ekki með stöðu sem forstöðumaður fræðasviðs eða fræðagreinar. Einnig var mat ráðsins að skýrt þyrfti að koma fram að framkvæmdastjóri hjúkrunar á Landspítala myndi ávallt leiða stefnuráð hjúkrunar.

Aukin verkefni hjúkrunarfræðinga

Stjórn hjúkrunnarráðs fjallaði um frétt og greinar sem birtust í Fréttablaðinu í desember 2010, en þar var sagt frá hugmyndum um að búa til nýja heilbrigðisstétt. Ekki hugnast þessar hugmyndir stjórn hjúkrunnarráðs en þróunin er sú að verkefni hjúkrunarfræðinga á spítalanum eru að aukast. Ljóst er að umræðan um breytingar á starfssvið hjúkrunarfræðinga er rétt að byrja og mun hjúkrunnarráð taka þátt í henni á næstu misserum.

Nýr Landspítali

Stjórn hjúkrunnarráðs hefur fylgst með umræðu um nýjan Landspítala og hefur formaður nokkrum sinnum setið samráðsþing um framkvæmdina. Það er ljóst að framkvæmdin er nokkuð umdeild og eru helstu áhyggjuefnin byggingarmagn á lóð spítalans og umferð í kring um hann á álagstímum.

Jafnréttismál á Landspítala

Jafnréttisnefnd Landspítalans vinnur nú að nýrri jafnréttisstefnu fyrir Landspítalann en síðasta var gerð árið 2002. Það hefur talsvert verið unnið í þessari nefnd síðustu árin en lítið komið frá henni opinberlega og er það miður en stendur til bóta. Jafnréttismál skipta miklu máli hjá stórrí stofnun eins og Landspítalanum, þar sem 82% starfsmanna eru konur og 18% karlar.

Umsagnir um lagafrumvörp á Alþingi

Lög um heilbrigðisstarfsmenn

Ný lög um heilbrigðisstarfsmenn hafa um nokkurt skeið verið til meðferðar hjá heilbrigðisnefnd Alþingis og gaf hjúkrunnarráð umsögn sína nú í þriðja skiptið. Að þessu sinni vildi stjórn hjúkrunnarráðs koma einni athugasemd á framfæri en ráðið taldi nauðsynlegt að eftirfarandi viðbót væri bætt við 13. grein: Hjúkrunarfræðingur ber ábyrgð á hjúkrun einstaklinga eða þeirra sem til hans leita og hann hefur umsjón með. Óheimilt er að ráða aðra en hjúkrunarfræðinga til sjálfstæðra hjúkrunarstarfa við sjúkrastofnanir, elliheimili, heilsuvernd eða hjúkrun í heimahúsum.

Í rökstuðningi var vísað til þess að tilhneiging sé til þess hérlandis að ráða fólk sem ekki hefur hjúkrunarleyfi í störf hjúkrunarfræðinga og að erlendar rannsóknir sýna að vel menntaðir hjúkrunarfræðingar hafi veruleg áhrif á afdrif og öryggi sjúklinga.

Hægt er að lesa umsagnir, ályktanir og bréf hjúkrunarráðs á heimasíðu ráðsins, sjá:
<http://innri.lsh.is/Um-Landspitala/Nefndir-og-rad/Hjukrunarrad/Bref>

19. október 2011



Eygló Ingadóttir
Formaður hjúkrunarráðs

Fylgiskjöl

1. Fræðslufundir fræðslunefndar hjúkrunarráðs 2011
2. Ályktun hjúkrunarráðs frá 23. ágúst 2011
3. Ályktanir hjúkrunarráðs frá aðalfundi 19. október 2011

Fylgiskjal 1: Fræðslufundir fræðslunefndar hjúkrunarráðs 2011

Heiti / efni erinda	Fyrirlesari
Hlutverk staðlaðs hjúkrunarfagmáls til að endurspegla hjúkrun og styðja við þekkingarvinnu hjúkrunarfræðinga	Ásta Thoroddsen
Hvað hefur áhrif á breytingu á líðan barns í fjölskyldumeðferð vegna offitu?	Ólöf Elsa Björnsdóttir
Notendavænn spítali- 10 ráð til sjúklinga- um þátttöku sjúklinga í sinni eigin meðferð.	Margrét Tómasdóttir
Heilsuefling hjúkrunarfólks	Sólfríður Guðmundsdóttir
Notkun og árangur af sárasogsmeðferð á Íslandi	Ingibjörg Guðmundsdóttir
D-vítamín	Laufey Steingrimsdóttir
Meðan nóttin líður á Landspítala – Hospital at night	Guðrún Björg Sigurbjörnsdóttir
Nokkrir dagar í lífi Jóns míns - Fjölskylduhjúkrun	Sigríður Zoëga og Katrín Blöndal
Hjúkrunarfræðingar í starfi – er munur milli kynslóða?	Birna G. Flygenring
Æ, ég á að vita þetta! – Fyrsta árið í starfi hjúkrunarfræðings	Erla Þóra Guðjónsdóttir
Flýttu þér að batna – Flýtibatameðferð á kvennasviði	Guðrún Halldórsdóttir
Fyrstu komur á bráðamóttökur bráðasviðs í kjölfar efnahagshruns	Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir
Það vorar að lokum – Hlutverk hjúkrunar á leið úr kreppunni	Anna Sigrún Baldursdóttir
Eru allir ólofaðir – Baráttan við ESBL faraldurinn á endurhæfingardeildinni á Grensás	Sigríður Guðmundsdóttir og Ásdís Elfarsdóttir

Flesta fræðslufundi er hægt að skoða á vefvarpi Landspítalans.

Hjúkrunarráð Landspítala

Ályktun 23. ágúst 2011

Hjúkrunarráð Landspítalans varar eindregið við frekari niðurskurði á fjárveitingum til Landspítalans. Undanfarin ár hefur starfsfólk spítalans tekist á við mikla endurskipulagningu á þjónustu og lagt metnað sinn í að niðurskurður á fjárveitingum komi sem minnst niður á öryggi sjúklinga.

Hagræðingaraðgerðir hafa haft mikil áhrif á kjör og starfsumhverfi allra starfsmanna. Fækkun starfsfólks um 600 á stuttum tíma hefur aukið vinnuálag á þá sem eftir eru. Ljóst er, að ekki er hægt að fækka starfsfólki meira án beinnar þjónustuskerðingar við sjúklinga.

Landspítalinn er mikilvæg menntastofnun sem sinnir rúmlega 1100 nemendum á ári. Í þrengingum undanfarinna ára hefur starfsfólk sinnt kennslustörfum af kostgæfni, þrátt fyrir verulega aukið vinnuálag.

Hjúkrunarráð hvetur velferðarráðherra til að leita allra leiða til að komast hjá meiri niðurskurði á Landspítala, stærsta og mikilvægasta sjúkrahúsi landsins. Minni fjárveiting mun fela í sér beina skerðingu á þjónustu við sjúklinga og ógna öryggi þeirra.

Ályktun á aðalfundi hjúkrunarráðs – Nýr Landspítali

Hjúkrunarráð minnir á mikilvægi þess að nýr Landspítali verði byggður. Nýr Landspítali mun auka öryggi sjúklinga, bæta aðstöðu sjúklinga og starfsmanna og stuðla að hagræðingu í rekstri.

Þrátt fyrir niðurskurð á fjárveitingum til heilbrigðismála er mikilvægt að missa ekki sjónar á framtíðinni, þar sem þjóðin fær enn betri heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisstarfsmenn framtíðarinnar fá menntun sína og þjálfun.

Ályktun á aðalfundi hjúkrunarráðs – Fjárveitingar til Landspítala

Hjúkrunarráð Landspítala mótmælir harðlega þeim mikla niðurskurði til Landspítala sem fyrirhugaður er á fjárlögum næsta árs. Niðurskurðurinn mun hafa í för með sér skerðingu á þjónustu við sjúklinga, ennþá meira álag á starfsfólk og ógna öryggi sjúklinga.

Hjúkrunarráð telur að fækkun á 22 legurýmum á Landspítala sé mjög varhugaverð. Fækkunin mun leiða til yfirfullra deilda og þess að of veikir sjúklingar verði útskrifaðir af spítalanum. Auk þess er hætt við að biðlistar í aðgerðir muni lengjast.

Sparnaður síðustu ára hefur leitt til þess að endurnýjun á tækjum og tólum sem tengjast meðferðum sjúklinga hefur setið á hakanum. Mikill niðurskurður nú gerir nauðsynlega endurnýjun ennþá erfiðari.

Hjúkrunarráð skorar á stjórnvöld að gera Landspítala kleift að sinna hlutverki sínu sem sjúkrahús allra landsmanna og háskólasjúkrahús. Nóg er komið af niðurskurði á Landspítala.